



Alþingi  
Nefndasvið Austurstræti 8-10  
150 REYKJAVÍK

Reykjavík 3.12.2012  
Tilvísun: 201211-0023

**Efni: Umsögn um tillögu til þingsályktunar um endurskipulagningu á lífeyrissjóðakerfinu, mál nr.40.**

Alþýðusamband Íslands hefur fengið til umsagnar tillögu til þingsályktunar um endurskipulagningu á lífeyrissjóðakerfinu, 40.mál.

Á samkvæmt tillögunni að fela ríkisstjórn að skipa nefnd sem vinni að endurskipulagningu lífeyrissjóðakerfisins á þann veg að jafnvægi milli lífeyrissjóðakerfisins og almannatrygginga verði aukið. Í greinargerð með tillögunni segir jafnframt að við þá vinnu skuli stuðst við blandað kerfi sjóðsmyndunar og gegnumstreymis, auka eigi vægi almannatryggingakerfisins og nota það til að tryggja öllum lágmarkslífeyrir. Samkvæmt tillögunni verði lífeyrissjóðum gert að hætta móttöku iðgjalda og ávöxtunar lífeyris í samtryggingarsjóðum en einungis gert að ávaxta viðbótarlífeyrir. Þá gerir tillagan ráð fyrir að lífeyrisgreiðslur almannatrygginga verði fjármagnaðar með skatti á inngreiðslur í lífeyrissjóðina.

Alþýðusambandið tekur undir það sjónarmið að almannatryggingakerfið skuli notað til að tryggja öllum lágmarkslífeyrir. ASÍ hefur ætíð haft þá grundvallarsýn að öflugt almannatryggingakerfi sé ein mikilvægasta grunnstoð velferðarsamfélagsins. Almannatryggingar mynda nauðsynlegan grunn lífeyriskerfisins sem tryggja á viðundandi lágmarkslífeyrir. Alþýðusambandið hefur í þessu samhengi ítrekað lagt áherslu á mikilvægi þess að stoðir almannatrygginga og lífeyrissjóða séu vel samstilltar og verkaskipting milli þeirra sé skýr þannig tryggt sé að launafólk hafi áþreifanlega betri hag af því á efri árum að hafa greitt iðgjöld til lífeyrissjóða á starfsævinni. Þessi afstaða var áréttuð í ályktun um jöfnun lífeyrisréttinda og sanngjarnara almannatryggingakerfi á 40. þingi ASÍ í október sl. þar sem segir m.a.:

*Samhliða þessu telur þingið brýnt að vinnu við heildarendurskoðun á almannatryggingakerfinu verði haldið áfram með það að leiðarljósi að einfalda og skýra kerfið verulega og horfa heildstætt á samspil þess og lífeyrissjóðanna. Grundvallaratriði er að standa vörð um viðunandi*



*lágmarksbætur almannatrygginga en jafnframt að dregið verði verulega úr tekjutengingum í almannatryggingakerfinu þannig að launafólk hafi sýnilegan hag af því að greiða í lífeyrissjóð á starfsævinni.*

Samkvæmt stefnu ASÍ í lífeyrismálum skal lífeyrissjóðakerfið grundvallast á skylduaðild, samtryggingu, sjóðasöfnun og sjálfbærni kynslóðanna.

ASÍ telur að uppbygging íslenska lífeyrissjóðakerfisins sem byggir á þriggja stoða kerfi almannatrygginga, samtryggingasjóða og viðbótarlífeyrissparnaðar sé einn af meginstyrkleikum hagkerfisins í samanburði við aðrar þjóðir. Þetta fyrirkomulag hefur, að dómi alþjóðlegra stofnana á borð við Alþjóðabankann og OECD, verið talið fyrirmynd að uppbyggingu lífeyriskerfa, ekki síst vegna áherslunnar á sjóðasöfnun þar sem hver kynslóð stendur undir eigin lífeyri. Breytt aldurssamsetning þjóðarinnar veldur því að fjöldi fólks á vinnualdri á hvern lífeyrisþega fer ört fækkandi. Í dag eru t.a.m um sex vinnandi á hvern eftirlaunaþega hér á landi en eftir 25 ár verður þetta hlutfall einn á móti þremur. Mörg ríki glíma nú við mikinn vanda vegna gegnumstreymiskerfa þar sem kynslóðir á vinnualdri þurfa að standa undir kostnaði vegna þjónustu og framfærslu sístækkandi hóps eftirlaunaþega. Víða þar sem gegnumstreymiskerfi er ríkjandi fer mjög stór hluti af útgjöldum hins opinbera í að fjármagna lífeyriskerfin. Samkvæmt tölum frá OECD námu framlög hins opinbera til greiðslu lífeyris víða í Mið- og Suður-Evrópu um 8-12% af landsframleiðslu viðkomandi ríkja en meðaltal innan OECD er um 7%. Mikil sjóðasöfnun í lífeyriskerfinu hér á landi hefur aftur á móti skilað því m.a. að framlög hins opinbera til greiðslu lífeyris nema einungs um 2% af VLF. Á alþjóðavísu hefur íslenska lífeyriskerfið einnig skilað lífeyrisgreiðslum (sem hlutfalli af meðallaunum) sem eru með því hæsta sem gerist innan OECD.

Í greinargerð sem Katrín Ólafsdóttir, lektor við viðskiptadeild Háskólans í Reykjavík, skrifaði um íslenska lífeyriskerfið og íslenskan þjóðarbúskap í skýrslu úttektarnefndar Landssamtaka lífeyrissjóða sem út kom fyrir á þessu ári segir í lokaorðum:

*Í ljósi lýðfræðilegrar þróunar undanfarinna áratuga, ekki síst vegna þess að fólk nær sífellt hærri aldri, eru söfnunarsjóðir betri valkostur en gegnumstreymissjóðir til lengir tíma litið. Íslenska lífeyriskerfið byggir á söfnunarsjóðum og stendur það mjög vel í alþjóðlegum samanburði. Eðlilegt er að endurskoða reglur um fjárfestingar með reglubundnum hætti en gæta þess að í fjárfestingum lífeyrissjóðanna sé ekki tekin óþarfa áhætta.*



Þá segir einnig:


*Varðandi stöðugleika kerfisins má líta til þess að þrátt fyrir að mikið áfall hafi riðið yfir þá hlaut lífeyriskerfið þó ekki verri útreið en raun ber vitni og telja verður líklegt að lífeyriskerfið geti staðið undir sér í framtíðinni.*

Í ljósi ofangreinds lýsir Alþýðusambandið sig alfarið ósammála þeim tilgangi tillögunnar að auka vægi almannatrygginga í lífeyriskerfinu og takmarka hlutverk lífeyrissjóða við ávöxtun á viðbótarlífeyrir. Þá áréttar ASÍ andstöðu sína við hugmyndir um að fjármagna gegnumstreymiskerfi almannatrygginga með skattlagningu á inngreiðslur í lífeyrissjóði. Slíkt vinnur gegn einum að veigameiri þáttum lífeyriskerfisins sem er sjálfbærni hverrar kynslóðar. Í ályktun ársfundar ASÍ frá árinu 2009 um skattlagningu á inngreiðslur í lífeyrissjóði segir m.a:

*Ársfundur Alþýðusambands Íslands hafnar þeim hugmyndum sem fram hafa komið um skattlagningu á inngreiðslum í lífeyrissjóði. Slík skattlagning hefði í för með sér tilflutning á skattgreiðslum milli kynslóða og leggur þungar skattbyrðar á komandi kynslóðir. Þessi breyting mun einnig leiða til þess að skerða þarf réttindi í lífeyrissjóðum í nútíð og framtíð. Ársfundurinn leggur ríka áherslu á að ekki verði hróflað við þeim réttindum sem launafólk hefur byggt upp í lífeyrissjóðum sínum á umliðnum áratugum.*

Jafnframt er rétt að benda á að samkvæmt nýlegri tryggingafræðilegri úttekt Talnakönnunar á samspili almannatrygginga og greiðslu lífeyris frá lífeyrissjóðum, munu tekjur ríkisins af tekjuskatti ellilífeyrisþega standa undir útgjöldum vegna bóta almannatrygginga.

F.h. Alþýðusambands Íslands

  
Henný Hinz  
hagfræðingur



**LEB**

**Landssamband eldri borgara**

Sigtún 42, 105 Reykjavík  
KT: 600989-4059; Fax: +3545515835  
Símar: +3545677111/ +3548599711  
Netfang: [leb@leb.is](mailto:leb@leb.is)  
Heimasíða: [www.leb.is](http://www.leb.is)

Nefndasvið Alþingis  
Austurstræti 8 – 10  
150 Reykjavík

***Alþingi***  
***Erindi nr. P 141/826***  
***komudagur 4.12.2012***

**Efni: Umsögn Landssambands eldri borgara um mál nr. 40, þingskjal 40 á 141. löggjafarþingi. Tillaga til þingsályktunar um endurskoðun lífeyrissjóðakerfisins.**

Landssamband eldri borgara hefur ályktað að þörf sé á að endurskoða lífeyrissjóðakerfið, sérstaklega með tilliti til afleiðinga hrunsins.

Við styðum það að skipuð verði nefnd sem vinni að slíkri endurskoðun. Við leggjum til breytingar sem hafi í för með sér að lífeyrisþegar eigi meiri aðkomu að stjórnun lífeyrissjóðanna, en verið hefur.

LEB tekur hins vegar ekki afstöðu til þess sem lagt er til í greinargerð að hér verði blönduð leið sjóðssöfnunar og gegnumstreymiskerfis. LEB telur að skoða þurfi málið heildstætt án fyrirfram gefinnar niðurstöðu.

Við teljum að almannatryggingarkerfið eigi að tryggja öllum lágmarksframfærslu, sem ekki hafa nægan lífeyri og jafnframt að greiða öllum lífeyrisþegum, óháð tekjum, tiltekinn grunnlífeyri. En við erum algjörlega mótfallin því að skattleggja inngreiðslur í lífeyrissjóðina til að fjármagna almannatryggingar. Lífeyrissjóðirnir eru eign launafólks sem hefur greitt sín iðgjöld þangað og það á ekki að skattleggja þá eign sérstaklega.

Hvað varðar skuldsett heimili er það samfélagslegt vandamál en ekki sérmál lífeyrisþega.

Reykjavík 4. desember 2012

---

Jóna Valgerður Kristjánsdóttir  
formaður LEB

---

Grétar Snær Hjartarson  
frankvæmdastjóri LEB

Fylgiskjal:  
Ályktun LEB um lífeyrissjóðina frá 14. febrúar 2012



**LEB**

**Landssamband eldri borgara**

Sigtún 42, 105 Reykjavík  
KT: 600989-4059; Fax: +3545515835  
Símar: +3545677111/ +3548599711  
Netfang: [leb@leb.is](mailto:leb@leb.is)  
Heimasíða: [www.leb.is](http://www.leb.is)

### **Ályktun stjórnar Landssambands eldri borgara um starfsemi lífeyrissjóðanna**

Landssamband eldri borgara hefur fjallað um starfsemi lífeyrissjóðanna og gerði eftirfarandi samþykkt á fundi sínum 14. febrúar 2012:

Landssamband eldri borgara fagnar aukinni umræðu um málefni lífeyrissjóða og útkomu skýrslu rannsóknarnefndar lífeyrissjóðanna. Landssambandið minnir á að greiðslur úr lífeyrissjóðum er mikilvægasta uppspretta tekna eldri borgara og því hafa skerðingar á réttindum til útgreiðslu úr lífeyrissjóðum árin frá hruni reynst eldri borgurum þungar í skauti. Við þann bagga bættist ákvörðun Alþingis um að tengja lífeyrisgreiðslur við grunnlífeyri almannatrygginga 1. júlí 2009, þannig að þær hefðu áhrif til skerðingar á ellilífeyri auk þess sem fjármagnstekjur voru tekjutengdar að fullu við bætur almannatrygginga en höfðu áður verið tengdar að hálfu. Eldri borgarar urðu þannig fyrir umtalsvert meiri skerðingu á kjörum sínum en aðrir þjóðfélagshópar.

Landssambandið minnir á að lífeyrissjóðirnir hafa verið helsta uppspretta sparnaðar á undanförunum áratugum og mikilvæg undirstaða velferðar- og fjármálakerfis landsmanna. Lífeyriskerfið byggir í grunninn á hugmyndafræði sameiginlegrar ábyrgðar vinnuveitenda og launþega á velferðarmálum og heilbrigðum atvinnurekstri og er í andstöðu við átakastjórnsmál og stéttastrið. Þótt lífeyrissjóðirnir löskuðust í hruninu, féllu þeir ekki til grunna og ónýttust eins og bankar og aðrar fjármálastofnanir. Traust launamanna og lífeyrisþega á lífeyrissjóðunum hefur þó beðið hnekki og mikilvægt er fyrir eldri borgara að lífeyrissjóðirnir hagi málum sínum og starfsemi á þann veg að þeir endurheimti fyrra traust. Einkum er mikilvægt að lífeyrissjóðirnir standi vörð um verðtryggðar eignir til þess að varna því að verðbólga rýri lífeyri eldri borgara og að létt verði á gjaldeyrishöftum hið fyrsta svo að lífeyrissjóðirnir geti dreift áhættu og fjárfest erlendis á ný.

**Landssambandið leggur áherslu á að lög og reglur um lífeyrissjóði verði endurskoðuð í ljósi reynslu undanfarinna ára og skýrslu rannsóknarnefndar lífeyrissjóðanna, með hagsmuni rétthafa og eigenda sjóðanna í fyrirrúmi. Landssambandið telur mikilvægt að varðveita sjálfstæði lífeyrissjóðanna og að þeir starfi óháðir pólitísku áhrifavaldi og að í stjórnnum þeirra sitji til jafns fulltrúar þeirra sem greiða í lífeyrissjóðinn og þeirra sem fá greiddan lífeyri úr sjóðunum auk fulltrúa atvinnurekenda. Landssamband eldri borgara gerir kröfu um að fá að fylgjast með þeirri endurskoðun sem framundan er og að eiga aðkomu að stjórnnum lífeyrissjóðanna í framtíðinni**

Samþykkt á fundi framkvæmdastjórnar LEB  
þriðjudaginn 14. febrúar 2012



**LANDSSAMTÖK  
LÍFEYRISSJÓÐA**

Alþingi  
Erindi nr. P 141/803  
komudagur 3.12.2012

Nefndasvið Alþingis  
Efnahags- og viðskiptanefnd  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík

Reykjavík, 30. nóvember 2012

**Umsögn frá Landssamtökum lífeyrissjóða (LL) um tillögu til þingsályktunar um endurskipulagningu á lífeyrissjóðakerfinu, 40. mál.**

Efnahags- og viðskiptanefnd Alþingis hefur með tölvupósti til LL þann 20. nóvember sl. óskað eftir umsögn um framangreinda þingsályktunartillögu.

Af greinargerð með tillögunni er ljóst, að markmið flutningsmanns er að minnka vægi lífeyrissjóðanna og auka hlut almennatrygginga í lífeyrisgreiðslum til landsmanna í framtíðinni. Með því telur flutningsmaður að dregið verði úr þeirri taps- eða rýrnunaráhættu sem felist í sjóðsmýndunarkerfi.

Landssamtök lífeyrissjóða mæla gegn samþykkt tillögunnar og telja minni áhættu felast í sjóðsöfnun en gegnumstreymiskerfinu sem flutningsmaður vill leggja aukna áherslu á.

Víða um heim, þar á meðal í þeim löndum sem Ísland er helst borið saman við, hafa stjórnvöld miklar áhyggjur af vanda gegnumstreymiskerfisins vegna fyrirsjáanlegrar mannfjöldaþróunar. Ellilífeyrisþegum mun fjölga hratt á komandi áratugum en á sama tíma hægir mjög á fjölgun íbúa á vinnumarkaðsaldri og í sumum löndum mun þeim beinlínis fækka. Með gegnumstreymi standa þegar á vinnumarkaði straum af lífeyrisgreiðslum með sköttum af atvinnutekjum. Elliframfærslubyrði (e. old age support ratio) er mæld sem hlutfall aldraðra íbúa af fjölda fólks á vinnumarkaði. Þetta hlutfall verður mun óhagstæðara á komandi áratugum en verið hefur og ljóst er að stjórnvöldum mun reynast mjög torvelt að veita öldruðum nægilegan lífeyri, jafnvel þótt gripið verði til ýmissa ráðstafana til að draga úr byrðinni með breytingum á þeim reglum og viðmiðum sem gilt hafa undanfarna áratugi.



Meðal þeirra ráðstafana sem gripið hefur verið til er að auka áherslu á sjóðsöfnun, m.a. með skylduaðild að starfstengdum lífeyrissjóðum, en einnig með hækkun lífeyristökualdurs og lækkun grunnlífeyris almennatrygginga, einkum með tekjutengingu.

Þótt sjóðsöfnun sé almennt talin eftirsóknarverð, hafa stjórnvöld víða átt erfitt um vik að auka hana. Slík breyting felur í sér að núverandi kynslóðum á vinnumarkaði verði gert bæði að standa undir sparnaði vegna eigin ellilífeyris og að greiða með sköttum fyrir ellilífeyri gamla fólksins. Kjör almennings hafa einfaldlega ekki staðið undir slíkum byrðum. Því er hæpið að draga þá ályktun af núverandi skipan lífeyriskerfa í þessum löndum að það sé draumastaðan að mati stjórnvalda. Hitt er miklu nær sanni að stjórnvöld hafi ekki treyst sér til að breyta tilhöguninni nema smám saman á löngum tíma.

Þótt aldurssamsetning íslensku þjóðarinnar hafi í seinni tíð verið mjög hagstæð í alþjóðlegum samanburði mun hún breytast hratt á komandi áratugum og nálgast mjög þá óhagstæðu stöðu sem margar þjóðir glíma við.

Í riti Efnahags- og framfarastofnunar Evrópu (OECD) um lífeyrismál, Pensions at a Glance, frá árinu 2011, er tafla sem sýnir elliframfærslubyrði 42 ríkja allt frá 1950 til 2050. Miðað er við íbúa 65 ára og eldri sem hlutfall af íbúafjölda 20-64 ára. Hér verður til einföldunar tekinn samanburður Íslands við 27 ríki Evrópusambandsins, enda er innan þess hóps að finna flest þau lönd sem Ísland er tíðum borið saman við. Þar kemur fram að árið 1950 var staðan áþekkt, á Ísland voru 6,91 íbúi á vinnumarkaðsaldri fyrir hvern íbúa 65 ára og eldri, en í fyrrgreindum Evrópuríkjum voru íbúarnir 6,57. Árið 2010 hafði talan á Íslandi lækkað í 5,15 en var komin niður í 3,51 í Evrópuríkjunum. OECD spáir að árið 2050 verði tölurnar 2,01 fyrir Ísland en 1,80 fyrir Evrópuríkin. Bilið mun þannig minnka, þótt það hverfi e.t.v. ekki alveg,

Nýjasta spá Hagstofunnar um mannfjölda á Íslandi, birt árið 2012, er hagstæðari, gerir ráð fyrir að hlutfallið verði 2,28 árið 2050 en haldi áfram að lækka og verði 2,09 árið 2060. Milli spánna er bitamunur en ekki fjár. Vandinn vex óhjákvæmilega hér á landi á komandi áratugum.



Heimild: Mannfjöldaspá Hagstofunnar 2012 (meðalspá).

Framfærslubyrðin eykst einnig af öðrum ástæðum. Með fjölgun aldraðra sem jafnframt lífa lengur en áður munu útgjöld til heilbrigðismála og langtímavistunar aldraðra óhjákvæmilega aukast. Heildarbyrði hins opinbera vegna aldraðra mun því aukast verulega frá því sem nú er og að öllum líkindum mun hraðar en skatttekjur vegna fjölgunar vinnandi handa.

Landssamtök lífeyrissjóða telja að heppilegasta leiðin og jafnvel sú eina færa til að bregðast við vaxandi vanda í þessum efnum sé sjóðsöfnunarkerfi, þar sem hver kynslóð leggur til hliðar til að eiga fyrir ellilífeyri sínum og reiðir sig í litlum mæli á almannatryggingar. Færð hafa verið rök fyrir því að tekjuskattur af ellilífeyri muni eftir 25-30 ár standa undir heildar-útgjöldum íslenska ríkisins vegna aldraðra. Núverandi lífeyrisskerfi mun þannig með sjóðsöfnun verða sjálfbært og útgjöld almannatrygginga vegna ellilífeyris munu lækka hlutfallslega frá því sem nú er og fara þá einkum til öryrkja og annarra þeirra sem ekki ná fullri uppsöfnun í lífeyrissjóðum.

OECD hefur um langt skeið mælt með þriggja stöða lífeyriskerfi. Fyrsta stöðin, almannatryggingar (samtrygging), á að tryggja framfærslu þeirra sem ekki fá nægilegan lífeyri úr annarri stöðinni. Önnur stöðin, starfstengdu lífeyrissjóðirnir (samtrygging), á að vera meginstöðin, ef kostur er, og tryggja hæfilegan lífeyri eftir fulla starfsævi. Þriðja stöðin, viðbótarlífeyrissparnaður (séreign), á að vera valkvæð og gefa möguleika á auknu ráðstöfunarfé eftir starfslok eða meiri sveigjanleika við starfslok.


Íslenska lífeyrissjóðakerfið hefur oft verið tekið sem dæmi um vel heppnaða útfærslu á tillögum OECD. Fyrirgreind þingsályktunartillaga snýst um að breyta stefnunni og hverfa frá þeirri tilhögun sem aðrar þjóðir telja eftirsóknarverða. Því mæla Landssamtök lífeyrissjóða gegn samþykkt tillögunnar.

Þrátt fyrir þetta geta landssamtökin tekið undir með flutningsmanni um að umbóta sé þörf vegna stærðar sjóðanna í hagkerfinu. Nauðsynlegt er að auka heimildir lífeyrissjóðanna til að fjárfesta utan lands og er það miklu heppilegra úrræði en að leitast við að draga úr sparnaði og sjóðsöfnun. Benda má á fordæmi Norðmanna sem skylda Olíusjóðinn svonefnda til að fjárfesta einungis erlendis. Þeim sjóði er ætlað að verða burðarás í lífeyriskerfinu eftir nokkra áratugi þegar aldurssamsetning er orðin mun óhagstæðari en nú. Einnig má benda á að almennt leggja þau ríki sem Ísland er tíðum borið saman við engar hömlur á fjárfestingar lífeyrissjóða erlendis.

Með vísan í ofangreint geta Landssamtök lífeyrissjóða ekki stutt tillögur sem miða að því að draga úr vægi sjóðsöfnunar, en mikilvægt er að yfirfara fjárfestingarheimildir sjóðanna með það í huga að tryggja áhættudreifingu.

Virðingarfyllt,

f.h. Landssamtaka lífeyrissjóða

  
Þórey S. Þórðardóttir, framkvæmdastjóri





**Alþingi**  
**Erindi nr. P 141/904**  
**komudagur 6.12.2012**

4. desember 2012  
1211164

Nefndasvið Alþingis  
[nefnasvid@althingi.is](mailto:nefnasvid@althingi.is)  
Austurstræti 8 – 10  
150 Reykjavík

Með tölvupósti dags. 20. nóvember 2011 óskaði efnahags- og viðskiptanefnd Alþingis eftir umsögn Seðlabanka Íslands um þingsályktunartillögu um endurskipulagningu á lífeyrissjóðakerfinu, 40. mál.

Tillagan gengur út á að skipuð sé nefnd sem vinni að endurskipulagningu og yfirferð lífeyrissjóðakerfisins þannig að jafnvægi milli lífeyrissjóðanna og almannatryggingakerfisins verði aukið. Nefndinni er ætlað að ljúka störfum eigi síðan en í júní 2013.

Í greinargerð með þingsályktunartillögunni er lagt til að „...stuðst verði við blandað kerfi sjóðsmyndunar og gegnumstreymis þar sem það er áhættuminna og gerir okkur kleift að leggja af verðtryggingu og auka jöfnuð. Mikilvægt er að auka vægi almannatryggingakerfisins sem fyrst og nota það til að tryggja öllum lágmarkslífeyri. Lífeyrissjóðum verður ekki falið að sjá um samtrygginguna, aðeins ávöxtun viðbótarlífeyrisins. Þessi tilhögun mundi leiða til þess að hætt yrði að nota samtrygginguna, sem innbyggð er í starfsreglur flestra lífeyrissjóða, sem réttlætingu þess að skuldbætt heimili séu látin bæta tap sjóðanna. Fjármagna á lífeyrisgreiðslur almannatrygginga sem duga til framfærslu með skatti á inngreiðslur í lífeyrissjóðina.“

Verði ofangreind hugmynd að veruleika væri um grundvallarbreytingu að ræða á lífeyriskerfinu. Henni verður varla hrint í framkvæmd án þess að áður fari fram mjög ýtarlegar rannsóknir og úttektir á framkvæmd og útfærslu breytinganna. Þannig er ljóst að áætlaður tímarammi verksins er þröngur. Seðlabanki Íslands telur að sú stefna að byggja lífeyriskerfið á sjóðskerfi, í stað gegnumstreymiskerfis, sé skynsamleg þó vissulega sé hún ekki gallalaus. Seðlabankinn mun veita nánari umsögn um endurskipulagningu lífeyriskerfisins þegar hugmyndir að breytingum þess verða orðnar skýrari.

Virðingarfyllst,  
SEÐLABANKI ÍSLANDS

  
Már Guðmundsson  
seðlabankastjóri

  
Sigríður Benediktsdóttir  
framkvæmdastjóri

**Alþingi**  
**Erindi nr. P 141/681**  
**komudagur 22.11.2012**

Nefndasvið Alþingis  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík

nefndasvid@althingi.is

Reykjavík, 22. nóvember 2012  
RH/SLB/052/2012

**Efni: Tillaga til þingsályktunar um endurskipulagningu á lífeyrissjóðakerfinu – 40. mál.**

Við er til tölvubréfs dags. 20. nóvember 2012 þar sem óskað er eftir umsögn Tryggingastofnunar ríkisins um ofangreinda þingsályktunartillögu.

Tryggingastofnun fagnar þessari tillögu og telur brýnt að jafnvægi milli lífeyrissjóðanna og almannatryggingakerfisins verði skoðað. Verði tillagan samþykkt er mikilvægt að Tryggingastofnun eigi aðild að þeirri nefnd sem myndi endurskoða lífeyrissjóðakerfið og samspil þess við almannatryggingar.

Virðingarfyllt,



Sigríður Lillý Baldursdóttir forstjóri